

Nd.

43. Frumvarp til laga

[43. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

e-liður 2. málsg. 8. gr. laganna orðist svo: Frá 15. nóvember til 22. janúar: rjúpa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það segja menn sem fylgjast vel með fuglaveiðum að rjúpnaungar hafi fæstir náð fullum vexti þegar á þá hefst skothrið lögum samkvæmt hinn 15. október ár hvert. Flm. frv. hefur sannfærst um að þetta sé svo. Hann heyrir líka á hverju hausti dæmi þess að unghópar, sem skriða úr eggjum í nánd við sveitabæi og verða fyrir bragðið hændir að mannfólki, eru enn ekki flognir til fjalla þegar veiðitíminn hefst; í birtingu hinn 15. október kemur maður með byssu og útrýmir þeim í einni svipan.

Hér er því lagt til að rjúpnaskyttum verði uppálagt að hafa hemil á sér einum mánuði lengur en hingað til, rjúpnaveiðin hefjist ekki fyrr en 15. nóvember, en standi svo til 22. janúar í staðinn fyrir 22. desember, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum.

Flm. vill ekki ganga lengra en þetta — í þetta sinn. Hitt virðist honum augljóst, að bráðlega verði talið óhjákvæmilegt að alfriða rjúpuna. Skotfæri verða æ fullkomnari — líka möguleikar manna til að komast á rjúpnaslóðir. Nú fyrir nokkrum dögum fóru skyttur svo þétt um eina heiði að það voru að meðaltali ekki nema nokkrir tugir metra á milli þeirra. Slíkan hernað stenst varla nokkur stofn fugla — jafnvel þó varari væri um sig en rjúpan.